

# Samþykkt fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í Vestmannaeyjum

## 1. gr. Samráðsvettvangur

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er samráðsvettvangur um þjónustu við fatlað fólk og þróun mála sem varðar fatlað fólk í Vestmannaeyjum. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er starfræktur á grundvelli 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Fatlað fólk á rétt á almennri þjónustu og aðstoð skv. fyrrgreindum lögum. Að öðru leyti fer um málefni þess á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Markmið og tilgangur samráðshópsins er að fylgjast með þróun og þjónustu í málefnum fatlaðs fólks hjá Vestmannaeyjabæ. Fatlað fólk skal eiga kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma og við framkvæmd þjónustunnar skal virðing borin fyrir mannlegri reisn, sjálfræði og sjálfstæði. Á vettvangi samráðshóps um málefni fatlaðs fólks fer fram almenn stefnumótun og áætlanagerð Vestmannaeyjabæjar í málum sem varða fatlaða íbúa sveitarfélagsins.

## 2. gr. Verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks

Samráðshópurinn starfar í umboði bæjarstjórnar og skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Vestmannaeyjabæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks í sveitarfélaginu. Samráðshópurinn skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Vestmannaeyjabæjar við fatlað fólk, móta stefnu og gera tillögur sem varða verksvið þess. Samráðshópurinn er vettvangur samráðs fatlaðs fólks í Vestmannaeyjum, félags- og hagsmunasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Samráðshópurinn er ráðgefandi fyrir starfsemi Vestmannaeyjabæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sviða til fatlaðs fólks. Samráðshópurinn fær til umsagnar málefni, sem varða stefnumótun og þjónustu við fatlað fólk.

Samráðshópurinn getur komið með tillögur til bæjarstjórnar um fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. skipulag þjónustunnar. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með þjónustu við fatlað fólk, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar við fatlað fólk og gera tillögur til sveitarstjórnar um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Að vera umsagnaraðili til ráðuneytis um veitingu starfsleyfis skv. 7. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
4. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni byggingarfulltrúa við hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og atvinnuhúsnæðis.
5. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni umhverfis- og framkvæmdasvið við gerð gangstétta, gönguleiða og bílastæða.

6. Að leitast við að tryggt sé að fatlað fólk fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir fötluðu fólki þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

### 3. gr. Eftirlit

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirlit með framkvæmd laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerða byggða á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga.

### 4. gr. Samþykktar reglur og stefnur

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks starfar í samræmi við stefnumörkun og almennar samþykktir Vestmannaeyjabæjar.

### 5. gr. Um skipan samráðshóps um málefni fatlaðs fólks

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður sex fulltrúum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í samráðshópinn til fjögurra ára og þrjá til vara. Hagsmunasamtök fatlaðs fólks í Vestmannaeyjum skal skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann samráðshópsins en ráðið kýs varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Fulltrúum notenda í samráðshópnum skal tryggður nægjanlegur stuðningur og eftir atvikum þjálfun svo unnt sé að stuðla að virkri þátttöku í samráðinu.

### 6. gr. Verkaskipting, fundarskipulag, fundarritun o.fl.

Vestmannaeyjabær sér samráðshópnum fyrir fundaraðstöðu. Samráðshópurinn velur aðila úr hópnum til að rita fundargerð. Samráðshópurinn getur boðað framkvæmdastjóra sviða Vestmannaeyjabæjar til fundar.

Fundargerðir samráðshópsins skulu lagðar fram til kynningar í fjölskyldu- og tómstundaráði og bæjarráði. Samráðshópurinn skal að jafnaði halda sex til átta fundi árlega. Bæjarstjórn skal halda árlegan fund með samráðshópnum.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu tekin mál, sem fulltrúar í samráðshópnum hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði ásamt fundargögnum. Rafræn boðun funda og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar eftir því sem við á og verklagsreglum um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

## 7. gr. Lagastoð og samþykki

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er starfræktur á grundvelli 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar. Samþykktina skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt í bæjarráði 3107. fundur haldinn 3. september 2019. Samþykkt í bæjarstjórn 26. september 2019